

Alþingi  
Erindi nr. P 139/43/  
komudagur 26.11.2010



Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010

**Varðar: Athugasemdir Landsbankans (NBI hf.) við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara, þskj. 225 – 206. mál.**

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis frá 18. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Landsbankans vegna framangreinds frumvarps. Hér fyrir neðan er að finna athugasemdir bankans. Að öðru leyti er vísað til umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarpið.

1. gr.

Landsbankinn gerir alvarlegar athugasemdir við 1. gr. frv. þar sem ákvæðinu er ætlað að skilgreina hvað teljist gengistryggð lán. Ákvæðið byggir á Hæstaréttardómum frá 16. júní 2010 í málum nr. 93/2010 og 153/2010 eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu. Ljóst er hins vegar að dómarnir taka eingöngu á gengistryggðum lánasamningum eignaleigufyrirtækjanna og því eiga dómstólar enn eftir að skera úr um lögmæti annarra lána sem byggja á mun ítarlegri og efnismeiri lánaskjölum. Landsbankinn telur því mjög óeðlilegt að dregnar séu of miklar ályktanir af fordæmum umræddra dóma og lagasetning byggð á þeim sé afar hæpin. Landsbankinn leggur því til að 2. málsl. 1. gr. frumvarpsins falli brott.

2. gr.

5. mgr. 2. gr. Til að taka af allan vafa um að innborganir skuldara skuli vaxtareiknaðar er lagt til að við 3. málsl. 5. mgr. bætist: " vaxtareiknaðar samkvæmt ákvæðum 1. mgr."

9. mgr. 2. gr. Vakin er athygli á því að ákvæði 9. mgr. 2. gr. krefst annarrar og mun flóknari tegundar útreiknings en kveðið er á um í 5. mgr. ákvæðisins þar sem gera þarf ráð fyrir biðreikningi þegar um fleiri en einn greiðanda er að ræða á sama tímabili. Bendir Landsbankinn á að hafa þarf í huga að á biðreikningi verður að vaxtareikna bæði of- og vangreiðslur til að samræmis sé gætt á milli leiða skv. 5. mgr. og 9. mgr. og endurútreikningur verði ekki misjafn eftir skuldurum. Landsbankinn telur því mikilvægt að lög kveði á um hvernig vaxtareikna skuli of- og vangreiðslur sem myndast á biðreikningi við endurútreikning. Til að taka af allan vafa er rétt að tekið sé fram að vaxtareikna skuli bæði of- og vangreiðslur með vöxtum Seðlabankans.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsbankans

Hildur Njarðvík, hdl.